

REGLUGERÐ

79

15. maí

um viðauka við reglugerð nr. 49 3. marz 1945, um skömmtun á erlendu smjöri.

1. gr.

Auk þeirrar skömmtunar á erlendu smjöri, sem áður hefur verið ákveðin, skal afhenda hverjum manni innkaupaheimild fyrir ½ kílógrammi af smjöri fyrir tíma-
bilið 16. maí til 30. júní 1946, og eiga við um hana allar sömu reglur og aðrar inn-
kaupaheimildir, sem gefnar hafa verið út í þessu skyni.

Innkaupaheimildin fellur úr gildi 30. júní n. k.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög
nr. 59 7. maí 1940.

Viðskiptamálaráðuneytið, 15. maí 1946.

Pétur Magnússon.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

80

17. maí

um breytingu á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um ferjur,
nr. 2 4. janúar 1923.

18. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Upphæð ferjutolls skal vera:

Á Holtastöðum:

a. Fyrir mann	kr. 2.00
b. Fyrir mann á helgum dögum	— 3.00
c. Fyrir hestburð	— 1.00
d. Fyrir sauðkind	— 0.25

Á Eyjólfstöðum:

a. Fyrir mann	kr. 1.50
b. Fyrir mann á helgum dögum	— 2.00
c. Fyrir hestburð	— 0.50
d. Fyrir sauðkind	— 0.25

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og sam-
þykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927,
sbr. 31. gr. vegalaga, nr. 101 19. júní 1933, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftir-
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. maí 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.